

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

2. fundur stjórnar starfstímabilið 2015-2017

Haldinn 21. september í Vonarhöfn sal í félagsaðstöðu Hafnarfjarðarkirkju.

Mættir: Elísabet Ólafsdóttir framkv.stj., Hrafnkell Marínósson formaður, Ingvar Kristinsson (Björk), Þórunn Ansnes (Sörli), Magnús Gunnarsson (Haukar), Karl Georg Klein (SH), Ólafur Ragnarsson (Fjörður), Atli Már Sigurðsson (DÍH), Viðar Halldórsson (FH) og Bergsteinn Hjörleifsson (Keilir). Forföll: Sigurður Gunnar Sigurðsson (AÍH), Anders Már Þráinsson (SÍH), Ragnar Hilmarsson (Þytur), Þórarinn Sófússon (GSE), Sigurjón Andersen (KK) og Erla Björg Hafsteinsdóttir (BH).

1. Tímaúthlutun ÍBH 2015-2016 íþróttasalir

Samþykkt af stjórn ÍBH.

2. Yfirlit yfir lottógreiðslur desember 2014 til júlí 2015

Samþykkt.

3. Kynning á breyttu skipulagi hjá Hafnarfjarðarbæ

Æskulýðs- og íþróttamál hafa verið flutt frá fjölskylduþjónustu til fræðslu- og frístundaþjónustu. Öll erindi sem tengjast íþrótt- og æskulýðsmálum þurfa frá 11. ágúst 2015 að berast Magnúsi Baldurssyni sviðsstjóra fræðslu- og frístundaþjónustu í netfangið magnusb@hafnarfjordur.is og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Geirs Bjarnasonar í netfangið geir@hafnarfjordur.is. Geir er tengiliður við íþróttafélögin og fer með daglega umsýslu bæjarins vegna þeirra.

4. Kynning á umsóknum um stærra viðhald í íþróttamannvirkjum á næsta ári

Geir Bjarnason óskar eftir því að fá sendan lista yfir helstu viðhaldsverkefni í íþróttamannvirkjum sem félögin reka í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ vegna fjárhagsáætlunar 2016. Skilafrestur er 25. september nk.

5. Formannafundur ÍSÍ

Verður haldinn föstudaginn 27. nóvember nk í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Fyrirspurnir eða önnur erindi sem aðildarfélög ÍBH óska eftir að borin séu upp á fundinum verða að berast skrifstofu ÍBH tímanlega fyrir fundinn.

6. Umsókn um þjálfarastyrki ÍSÍ

Lagt fram til kynningar bréf frá ÍSÍ þar sem stjórn verkefnasjóðs ÍSÍ auglýsir eftir umsóknum um þjálfarastyrki ÍSÍ sem eru veittir íþróttþjálfurum sem sækja sér menntun erlendis í formi námskeiða eða ráðstefna til þess að bæta þekkingu sína í þjálfun sem mun nýtast íþróttahreyfingunni á Íslandi. Umsóknarfrestur er til 1. október nk og er upphæð hvers styrkjar kr. 100.000. Umsóknum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem finna má á heimasíðu ÍSÍ.

7. Almenningsíþróttaverkefnið Hjólum í skólann 9. – 22. september 2015

Fundarmönnum bent á að kynna sér almenningsíþróttasvið ÍSÍ á heimasíðu ÍSÍ www.isi.is. Almenningsíþróttaverkefnið eiga sínar undirsíður sem er mjög áhugavert að kynna sér nánar. Núna eru verkefnið Hjólum í skólann 9. – 22. september fyrir framhaldsskólanemendur og Göngum í skólann frá 9. september til 7. október nk. í gangi.

8. Nýr bæklingur um íþróttir barna og unglunga frá ÍSÍ

ÍSÍ hefur gefið út nýjan bækling um íþróttir barna og unglunga sem er jafnframt barna- og unglungastefna ÍSÍ sem var samþykkt á Íþróttáþingi ÍSÍ í vor. Bæklingnum hefur verið dreift rafrænt á aðildarfélög ÍBH. Þjálfarar sem þjálfar börn undir 18 ára aldri og stjórnarmenn íþróttafélaga eru sérstaklega beðnir um að kynna sér innihald hans vel. Einnig er hægt að nálgast bæklinginn útprentaðann á skrifstofu ÍBH og skrifstofu ÍSÍ.

9. Mega þjálfarar vera verktakar í „Fyrirmyndarfélagum ÍSÍ“

Já þeir mega það, en þurfa að kynna sér hvernig þeir eiga að ganga frá sínum málum gagnvart skattayfirvöldum.

10. Gögn sem ÍBH hefur borist:

- a). Bréf frá ÍSÍ um stofnþing Hnefaleikasambands Íslands 30. september 2015 Íþróttamiðstöðinni Laugardal.
- b). Bréf frá ÍSÍ um málþing um andlega líðan íþróttamanna 9. september 2015 í HR.
- c). Bréf frá ÍSÍ um haustfjarnám 2015 1. og 2. stig þjálfaramenntun ÍSÍ.

11. Önnur mál

- a). Almenn umræða um forvarnargildi íþróttá. Fundarmenn sammála um að forvarnargildi íþróttá sé mikið, enda sé „heilbrigður lífsstíll“ kenndur markvisst í íþróttafélögum.
- b). Jólahlaðborð ÍBH verður föstudaginn 4. desember nk kl. 20.00.
- c). Sagt frá fyrirhuguðum fundi framkvæmdastjórnar ÍBH með Hafnarfjarðarbæ 29. september nk um endurskoðun samninga við íþróttahreyfinguna.
- d). Greint frá drögum Hafnarfjarðarbæjar á tillögu um nýjar niðurgreiðslureglur og umsögn framkvæmdastjórnar ÍBH sem var send fræðsluráði þann 16. september sl kynnt stuttlega.

Fleira ekki gert.

Fundur hófst kl. 12.05 og lauk kl. 12.55.

Fundarritari Elísabet Ólafsdóttir.